



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1958

Góðir Íslendingar!

Við hjónin sendum yður öllum, nær og fjær, innilegar óskir um gott, farsælt og gleðilegt nýtt ár og hjartanlegar þakkir fyrir gamla árið. Við höfum þar margs að minnst, sem ekki er kostur á að rekja nánar í stuttu ávarpi. Hins liðna árs verður lengi minnst fyrir veðursæld og árgæsku. Þess höfum vér öll notið í ríkulegum mæli, og búféð fær í vetur ilmandi töðu og úthey. Vér höfum þó verið minnt á, að sjávaraflinn er stopull. En svo er um allan veiðiskap, og verður ein vertíðin að bæta aðra upp. En vissulega getum vér þakkað hið góða, gengna ár, mikla atvinnu og góða afkomu á flestum sviðum.

Sérstaka þökk vil ég þó flytja héðan frá Bessastöðum vegna umbóta á kirkjunni til tveggja ríkisstjórna og hinna mörgu stuðningsmanna, sem lagt hafa fé og starf að mörkum, svo hún yrði samboðin staðnum og því heilaga verkefni, sem kirkjur þjóna. Það stenst nokkurnveginn á, sem ráðgert var í upphafi, að kostnaður hefir verið greiddur til helminga af frjálsum framlögum og ríkissjóði. Og þó er álitleg fjárhæð frá Vestur-Íslendingum, sem heimsótt hafa staðinn, geymd til framkvæmda á þessu ári, og sendi ég þeim bestu nýárskveðju og þökk fyrir óbrigðula þjóðrækni. En höfuðatriðum er lokið, gluggaskreyting og hinu nýja altari.

Ég vil og minnst heimsókna okkar hjóna í nokkur héruð á síðastliðnu sumri og þakka ágætar viðtökur. Sumarblíðan lék við okkur, hlýtt viðmót gerir manni gott, og ánægjuefni, að allir eru Íslendingar, án tillits til flokkaskiptingar, við þau tækifæri. Þegar að er gáð, þá eiga Íslendingar margar slíkar stundir, lausar við dægurþras og ríg. Nú eigum við eftir að heimsækja ein fjögur lögsagnarumdæmi. Sú heildarmynd af landi og þjóð, sem vex í huganum, er ærið umtalsefni, en það geymi ég mér, þar til yfirreið er lokið.

Ég vil ekki heldur láta hjá líða að minnst opinberra heimsókna erlendra þjóðhöfðingja. Heimsókn Friðriks IX Danakonungs og Ingiríðar drottningar í fyrra, var sögulegur atburður. Slík heimsókn konungs, sem áður var vor eiginn krónprins, mun vera nokkuð fágæt í sögunni, ef ekki einsdæmi, og báðum þjóðunum, Dönum og Íslendingum, til heiðurs og sóma. Það munu allir hér á landi minnst konungshjónanna með hlýjum hug og virðingu, og konungur hefir við síðustu samfundi, látið í ljósi við mig mikla ánægju yfir komunni og hrifning, og beðið að skila kveðju og þökk til Íslendinga. Á sama hátt minnumst við hjónin heimsóknarinnar til Danmerkur á sinni tíð með gleði og þökk. Við báðar heimsóknir tóku Danir vel undir, bróðurlega og af áhuga, og heyrðist ekki óvingjarnlegt orð. Megum vér og minnst þess, að viðhorf er gerbreytt frá því er deilur voru harðar, og

ekki eftir nema eitt mál að kalla, sem bíður úrlausnar, handritamálið. Er ég nú bjartsýnni en áður á, að það mál verði leyst innan tíðar.

Þá hafa þeir Gústaf VI Adolf Svíakonungur og Louisa drottning og Urho Kekkonen, Finnlandsforseti, og frú hans, heimsótt oss á síðastliðnu sumri, og er það öllum í fersku minni. Gústaf Adolf er gamall Íslandsvinur, velunnari um bókagjafir og stórfróður um íslensk efni. Kekkonen lét í ljósi við brottför sína undrun og aðdáun á því, hve miklu fámenn þjóð gæti áorkað. „Íslendingar eiga örugga og mikla framtíð fyrir höndum,“ varð honum að orði.

Slíkir þjóðhöfðingjar eru góðir gestir, og ánægjulegt hvílíka athygli ferðir þeirra vöktu í heimalöndunum. Mér hefir verið það ljúf lesning, að fara yfir sænskar og finnskar blaðagreinar frá þessum orlofsdögum og sjá þann skilning og áhuga, sem fram kemur á íslenskum efnum. Í því er meiri landkynning en vér eigum annars kost á. Og það hefir mér virst, að vér Íslendingar séum ærið viðkvæmir fyrir því, sem um oss er sagt meðal erlendra þjóða, stundum um of fyrir smáaðfinnslum og köpuryrðum, sem lítið mark er tekið á. En allir gleðjumst vér einlæglega, þegar hróður Íslands er fluttur út um heim af þekking og drengskap dómbærra manna. Er það að vonum. Bakvið liggur vitundin um það, að fámenn þjóð á mikið undir alþjóðaáliti og alþjóðamannorði sínu.

Ísland var um aldir afskekkt og einangrað, og erlendis betur trúað kynjasögum en einfaldri frásögn af menning svo fámennrar og fátækrar þjóðar. Þó eignuðust Íslendingar marga vini meðal hinna merkustu manna, einkum á síðustu öld. Átti það mest rót sína að rekja til vaknandi áhuga á hinum fornu bókmenntum, sem var eins og nýfunduð land í augum erlendra fræðimanna. En fornbókmenntirnar eru ekki lengur nýnæmi, og hafa aldrei náð til almennings í öðrum löndum en Noregi. Og raunar lifir engin þjóð né ríki á fornri frægð einni saman til langframa, eins og sjá má á örlögum ýmissa annarra þjóða, sem skapað hafa sígildar bókmenntir, t.d. grískar eða hebreskar, svo ég nefni tvö dæmi. Hin forna frægð kemur þá fyrst að fullum notum, ef það sýnir sig, að atorkan lifir enn í kynstofninum, og vitsmunir og skapsmunir hrökkva til að mæta nýjum viðhorfum. Eftir þeirri andlegu og verklegu menning, sem oss auðnast að skapa, og stjórnmalaproska, verðum vér metnir. Manngildi og menning ræður úrslitum um örlög fámennrar þjóðar, að svo miklu leyti sem við verður ráðið.

Ég er þess fullviss, að vér Íslendingar höfum hin bestu skilyrði til að vera vinsæl og vel metin þjóð. Það hefi ég þráfaldlega sannreynt. Og ég er þess einnig fullviss, að fámennið þarf ekki að vera dragbítur á lífsleið þjóðarinnar. Vegna fámennis tölum vér sjálfir stundum um land kunningsskaparins, meðal annars í þeirri merkingu, að mikil linkind sé sýnd í framkvæmd hegningarlaga. Má vera að nokkuð sé hæft í því, en það þarf líka mikla miskunn til að vega upp á móti grimmd fyrri alda í hegningum fyrir yfirsjónir, sem ekki eru lengur taldar til afbrota. Kunningsskapurinn felur í sér mildi og hjálpfýsi, þrátt fyrir stóryrði og návígi, og náungans kærleiki er hér nærtækari en í mannhafi milljónanna.

Kunningsskapurinn, eða viðkynningin hver við annan, auðveldar lausn ýmissa vandamála, og gerir jafnvel kosningar, sjálft lýðræðið, traustara en sumsstaðar þar, sem máské einn fulltrúi er kosinn fyrir sama mannfjölda og býr á öllu Íslandi. Jafnræðið, dreifing auðs og valda, er tryggara í litlu þjóðfélagi en stóru, og átökin um rekstrarfyrirkomulag minni. Hvað sem fræðikenningum líður, heyri ég því ekki haldið fram, að ríkið eigi að reka vélbátaútveg eða landbúnað, og engan mótmæla því að ríkið skuli reisa hinar stærstu verksmiðjur, og rafstöðvar, reka þær sjálft eða í samvinnu við önnur almenn samtök. Samvinnufyrirtæki eru og sjálfsögð og lögvernduð. Í þessum efnum eru að vísu háðar ýmsar landamerkjaskærur, og seint

mun verða fullt samkomulag um skipting auðs og valda, og oft barist á hvalfjöru. Hitt er þó staðreynd, að þegar um er að ræða ríkis- og einkarekstur, þá eru viðfangsefnin einfaldari í framkvæmd og sjálfsagðari hjá smáþjóð en stórþjóð. Ber þar margt til, sem hér verður ekki fulltalið. Fræðileg hugtök, svo sem ríkis- og einkarekstur, frelsi og skipulag eru stundum talin ósamrýmanleg, en í fámenninu leysir lífið sjálft hnúttinn. Sama máli er að gegna um líf og breytni hvers manns, þar verður frjálsræði, sjálfsagi og landslög að renna saman í líferni og á lífsferli einstaklingsins, hvað sem líður fræðilegum hugtökum. Ég vil bæta því við, að þroska einstaklingsins á að vera betur borgið í fámenni, en í Babel-borgum og hjá frumstæðum þjóðfélögum, þar sem múgæsingin getur einn daginn breitt klæði á veginn og veifað pálmagreinum, en hrópar svo áður en vikan er liðin: Krossfestið hann! Ísland þolir hvorugt, hvorki múgæsing né algert einræði, við hvern sem það er kennt. Má vera, að sá tími komi, að smáriki færi sér svo vel í nyt góð skilyrði, að það verði talið til fyrirmyndar, og þau njóti að lokum fulls öryggis með öllum þjóðum. Þar á vor litla þjóð leik á borði, hvernig sem til tekst.

Þessar slitróttu hugleiðingar um kosti fámennisins eru miðaðar við oss Íslendinga sjálfa, og aðra þroskaðar þingræðisþjóðir, en ekki aðra, sem enn lifa á nokkurskonar víkingaöld. Fámennið hefir galla, sem eru þrautræddir, og því hefi ég heldur dregið fram kostina, og ef þeirra byr stendur í seglin, þá má sneiða hjá boðunum. Fámenn þjóð í stóru og hálfnumdu landi, hefir auk þess olnbogarúm, sem ekki fæst í þéttbýlustu löndum. Gras sem vísindamönnum og Þórólfi ber saman um að drjúpi af smjör, og miklir ræktunarmöguleikar, sævargrunnið kringum allt landið, sem er frumskógur fiskanna, afl í fossum og jarðhiti skapar þjóðinni vaxtarskilyrði, svo engir þurfa að leita úr landi, ef rétt er á haldið. Fólksfjöldi er með minnsta móti, og má margfaldast, án þess að tynist sá arfur fámennrar menningarþjóðar, sem ég hefi rætt um. Tæknin eykur afköstin til móts við þau lönd, sem best eru talin, og sjálfir sitjum vér við stýrið, svo ekki verða aðrir sakaðir um. En vér lifum í minnkandi heimi, og verðum að hafa samflot fleiri þjóða. Þegar þjóðin fékk fullveldi 1918 var þörfin á samstarfi sjálfstæðra þjóða aðkallandi, þó það tæki langan tíma að skiljast til fulls, og þegar íslenska lýðveldið var stofnað 1944 var alþjóðasamstarf nauðsyn, sem lá í augum uppi. Sjálfstæði og samstarfsþörf kom yfir oss Íslendinga á sama tíma.

Síðan hefir margt breyst, og skylt að geta þess, að eins og nú er komið viðskiptum, samgöngum á sjó og í lofti, vígbúnaði og allri tækni, þá geta fámennar þjóðir ekki staðið einar og varnarlausar. Öll vopn eru nú geigvænlegri en í síðustu styrjöld. Þar er enginn samanburður. Það er viðurkennt af leiðtogum stórveldanna, að stórstyrjöld verði ekki takmörkuð við tiltekin svæði. Hlutleysi virðist ekki lengur hugsanlegt í ófriði, enda vísar reynslan til þess, og hlutleysi á friðartímum þarf ekki að tryggja. Í upphafi stóðu vonir til þess að hinar Sameinuðu þjóðir héldu uppi alþjóðalöggæslu, en þegar það brást, var Atlantshafsbandalag stofnað. En sú hugsjón og von vakir, sem fyrirheit var gefið um, við stofnun hinna Sameinuðu þjóða, að unnt verði að skapa öryggi með afvopnun, eftirliti og friðarvilja, sem komi fram í verki. Til þess að svo megi verða liggja knýjandi rök. Engin þjóð getur lengur unnið neitt á með stórstyrjöld, heldur er mannkyn allt í hættu. Rökin eru þung, og friðarþráin rík. Og Íslendingar munu að sjálfsögðu leggja því sitt lið, að hinar ítrustu tilraunir séu gerðar til að skapa það alþjóðaöryggi, sem allur heimur þráir. Viðfangsefnin eru örðug og víða ýfingar, kynstofnar og þjóðir á mismunandi þroskastigi, og sumir herskáir, þó þeir veiti friðnum augna- eða öllu heldur orðabjónustu. En ef þeir sem öflugastir eru, ná saman í verki, og ekki eingöngu orði kveðnu, þá er árangur vís. Það væri mikið

fagnaðarár, sem nú er að hefjast, ef það auðnaðist að stíga nú hin fyrstu spor til sátta og friðar. En vísast tekur fullkomin afvopnun hugarfarsins langan tíma.

Vér lifum á öld óvissunnar, en óttinn einn bjargar engu. Martröðin má ekki koma í stað framtíðardraumanna. Það er hugrekki að sjá hættur, en halda þó áfram ferðinni. Besta ráðið til að sigrast á kvíða fyrir hvern einstakan og þjóðina í heild er, að sýna trú og tilgang í lífi sínu og starfi, trú á tilgang lífsins og gróandi þjóðlíf í frjálsu landi.

Ég lýk svo máli mínu með vorri gömlu, daglegu bæn, fyrir þjóð vorri og öllum mannheimi: „Tilkomi þitt ríki. Verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni!“ Og endurtek óskina og vonina um gott, farsælt og gleðilegt nýtt ár.